

Reykjavík, 25. apríl 2022

Frestun Hugmyndasamkeppni um **Miðbæjargarð í Mosfellsbæ**

Mosfellsbær í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs efndi til opinnar hugmyndasamkeppni um nýjan bæjargarð og upplifunar- og áningarstað í miðbæ Mosfellsbæjar í janúar 2022. Skilafrestur var til 21. mars og niðurstöður átti að kynna 21. apríl 2022.

Því miður reyndist tímasetningin erfið, en margar álitlegar samkeppnir voru haldnar á sama tíma. Niðurstaðan var að einungis ein tillaga barst fyrir tilsettan tíma. Það er álit okkar í Miðstöð hönnunar og arkitektúrs að endurauglýsa samkeppnina og framlengja skilafrestinn til 15. september 2022 og stefna á kynningu tillagna þann 15. október 2022. Það er staðfest hér að samtal trúnaðarmanns samkeppninnar við þá sem skiluðu inn tillögunni leiddi í ljós að þau munu ekki gera athugasemd við framlengingu.

Með bestu kveðju,



Halla Helgadóttir,
framkvæmdastjóri